

**Sp.**

## **42. Tillaga til þingsályktunar**

um kaup á vegavinnuvélum fyrir Barðastrandarsýslu.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kaupa tvær vegavinnuvélar (jarð-  
ýtur) fyrir Barðastrandarsýslu, svo fljótt sem auðið er, og eigi síðar en svo, að þær  
verði tilbúnar til notkunar þar á næsta vori. Heimilast ríkisstjórninni allt að 60 þús.  
krónur til þessa á næstu fjárlögum gegn jafnmiklu fé annars staðar að.

### **Greinargerð.**

Siðan farið var að nota bifreiðar til flutninga á langleiðum, hefur verið stefnt  
að því að koma sem flestum héruðum í samband við vegakerfi landsins, enda hefur  
reynslan orðið sú, að þau héruð, sem fengið hafa slíkar samgöngur, búa á eftir við allt  
önnur og betri kjör en hin, sem enn eru afskorin frá vegakerfinu. Að fenginni slíki  
reynslu hefði verið eðlilegt, að þess hefði jafnan verið gætt af Alþingi og þeim öðr-  
um, sem með vegamálin hafa farið, að fyllsta réttlætis og sanngirni hefði verið gætt  
í úthlutun þessara gæða til handa landsmönnum. En svo hefur þó ekki verið, og er  
ástandið í þessum málum þannig nú, að sum héruð hafa fengið akvegi þvert og endi-  
langt, um alla hreppa sína, á meðan önnur eru algerlega afrækt um vegamál og verða  
af þeim ástæðum að búa enn við aldargamlar búskaparvenjur til niðurdreps fyrir  
alla afkomu og allar framfarir. Svo langt gengur þessi misskipting á framkvæmd-  
um vegamála, að mjög miklu fé er varið árlega til þess að leggja nýja vegi um héruð,  
sem árum saman hafa haft sæmilega góða ruðningsvegi, sem ekið er eftir með meiri  
hraða en lögleyfður er á landinu. En á sama tíma er öðrum héruðum neitað um rétt-  
mætar, nauðsynlegar og óhjákvæmilegar umbætur á vegakerfinu, sem þó kosta miklu  
minna, en mundu þó ekki einasta jafna nokkuð það misrétti, sem hér ríkir, heldur  
og bæta stórlega hag heilla héraða, sem enn er haldið niðri, eins og að framan get-  
ur. Ástand þetta er Alþingi ekki til sóma og verður að breytast til meira réttlætis,  
meira samræmis og meiri þjóðhagslegrar hagnýtingar en verið hefur til þessa.

Barðastrandarsýsla er ein af þeim sýslum, sem einna mest hefur verið afrækt í  
vegamálum. Af 11 hreppum sýslunnar eru aðeins tveir, sem komnir eru í samband

við vegakerfi landsins og annar þó aðeins að litlu leyti. Hinir niu eru ekki einasta einangraðir frá því, heldur og algerlega einangraðir hver frá öðrum, og það svo, að flestir verða að flytja nauðsynjar sínar og afurðir á klökkum eða trillubátum fram og aftur, og eiga þá oftast undir veðri og vindi, hvernig um slíka flutninga tekst. Íbúar þessara hreppa eru þar að auki algerlega útilokaðir frá því að geta notað á nokkurn hátt vélar til landbúnaðar, með því að ógerningur er að koma þeim á milli vegna vegleysu.

Nú er það svo, að vegastæði þarna eru víða mjög góð og mjög auðvelt að gera ruðningsvegi á löngum svæðum. Einkum er tilvalið að nota þarna vegavinnuvélar (jarðýtur) með prýðilegum árangri.

Með því nú að augljóst er, að hefja verður stórkostlegar framkvæmdir í vegamálum sýslunnar nú þegar, ef bændabýlin þar eiga ekki, fyrir einangrun, bókstaflega að fara í eyði, þá verður að tryggja sýslunni vegavinnuvélar, svo að viðunanlegur árangur náist á skömmum tíma.

Þess er því vænt, að Alþingi samþykki ályktun þessa og að ríkisstjórnin geri síðan allt, sem unnt er, til þess að hrinda málinu í framkvæmd. Íbúarnir stíga hér stórt spor og leggja á sig þunga byrði, sem önnur héruð hafa ekki þurft að leggja á sig, en einmitt það sýnir langbezt þörfina á framkvæmdum á máli þessu. Er þess vænt, að Alþingi meti þennan stórhug Barðstrendinga í vegaf framkvæmdum og aðstoði þá til framkvæmdanna, eins og farið er fram á í ályktuninni.